



Dagsetning: 12. maí 2023
Málsnúmer: 2305096/8.6

Til íþróttá- og tómstundanevndar

MINNISBLAÐ

Fjarðabyggð rekur fjórar líkamsræktarstöðvar en þær eru á Norðfirði, Eskifirði, Reyðarfirði og Breiðdal og eru þær notaðar af íþróttafélögum, ungmennum, almennum íbúum Fjarðabyggðar og fleirum.

Árið 2022 hófst Janusarverkefnið í Fjarðabyggð (sjá mál 2004159) með metþátttöku á landsvísu þar sem 120 manns skráðu sig í verkefnið. Í maí 2023 eru 130 manns í verkefninu og nokkrir á biðlista. Vegna mikillar þátttöku í Janusarverkefninu má segja að líkamsrækt í Fjarðabyggð sé betur sótt en hefur verið. Líkamsræktarstöðvarnar hafa aftur á móti verið gagnrýndar fyrir að vera ekki nægilega góðar og þá sérstaklega fyrir þátttakendur Janusarverkefnisins. Mörg tæki eru orðin gömul, lúin og hættuleg þar sem þau eru hætt að virka eins og þau eiga að gera. Líkamsræktarstöðvar Norðfjarðar og Eskifjarðar eru hvað verstar og þá sérstaklega líkamsræktarstöðin á Eskifirði. Þar sem Fjarðabyggð er heilsuefliandi samfélag er það okkar skylda að bregðast við ónýtum tækjum í líkamsræktarstöðvum og nýta okkar fjármuni sem allra best.

Til þess að aðstaða líkamsræktarstöðva séu fullnægjandi og stuðla raunverulega að bættri heilsu íbúa Fjarðabyggðar er mikilvægt að uppfærsla tækja eigi sér stað. Fjarðabyggð stendur til boða að kaupa notuð tæki í góðu ástandi frá Sporthúsinu í Kópavogi á 8.150.000,- kr með sendingarkostnaði til Eskifjarðar og Norðfjarðar. Sporthúsið er að bjóða Fjarðabyggð að greiða tækin upp á tveimur árum í janúar 2024 og janúar 2025 en nývirði þessara lyftingataekja er 36.713.313,- kr. Fyrir utan að lyftingataekin sjálf eru mörg hver í slæmu ástandi, þá vantar einnig að uppfæra nokkur hlaupabretti. Í líkamsræktarstöðinni á Eskifirði eru tvö hlaupabretti orðin nánast ónýt og tvö á Reyðarfirði. Hlaupabrettin á Norðfirði eru flest í ágætis ástandi fyrir utan eitt sem er farið að segja til ára sinna.

Sporthúsið er með umboð fyrir líkamsræktarmerkinu Technogym sem eru talin ein bestu og endingarmestu tækin í heiminum. Sporthúsið gaf okkur tilboð á alveg ný hlaupabretti fyrir 1.180.000,- kr stykkið án virðisaukaskatts. Endingargóð hlaupabretti hafa yfirleitt verið að fara á yfir tvær milljónir án virðisaukaskatts, það má því segja að tilboðið sem okkur barst er mjög gott. Fjármagnið sem er til staðar fyrir næstu 3 árin miðað við 5% hækkun á ári er 9.457.500,- kr, heildarkostnaður miðað við að uppfæra lyftingataeki á Norðfirði og Eskifirði ásamt því að kaupa fimm hlaupabretti og eitt nýtt hjól er 16.703.150,- kr sem þýðir að 7.245.650,- kr vantar uppá. Hugsanlega væri hægt að komast upp með að kaupa einungis 4 hlaupabretti og sleppa nýju þrek hjóli, en þá vantar 4.568.900,- kr uppá næstu 3 árin, eða til enda 2025. Með bættri líkamsræktarstöðu í stöðvunum okkar munum við mögulega auka þátttöku og innkomu vegna þeirra.

Deildarstjóri óskar eftir aukafjármagni uppá 4.568.900 fyrir fjögur hlaupabretti eða 7.245.650 fyrir 5 hlaupabretti og þrek hjóli til þess að ná að klára þetta verkefni.

Kostnaðaráætlun má sjá hérna fyrir neðan.



	Verð	fjöldi	Samtals
Hlaupabretti	1.180.000	5	5.900.000
Hjól	970.000	1	970.000
		Samtals	6.870.000
		m/VSK	8.553.150
	Verð	Nývirði	
Eskifjörður Selection línán	3.700.000	19.867.095	
Norðfjörður Element línán	3.100.000	16.846.218	
Hjól - Janusar	550.000		
Samtals	7.350.000		
Flutningur	800.000	2 ferðir	
Samtals alls	16.703.150		
Aukapakki	600.000		
Áætlun			5% Hækkun árlega
2023	3.000.000		
2024	3.150.000		
2025	3.307.500		
Samtals	9.457.500		
Það sem vantar uppá	7.245.650		

Magnús Árni Gunnarsson

Deildarstjóri

